

Smitrakning og sóttkví

Leiðbeiningar um smitragningu fyrir stjórnendur og starfsfólk í skólastarfi. Hvatt er til að hólfaskipta sem mest og takmarka umgengni milli hólfra, eins og kostur er. Tilgangurinn er að draga úr útbreiðslu COVID-19.


Smitrakning miðast við daginn áður en einstaklingur varð var við einkenni eða daginn fyrir sýnatöku, ef hann er einkennalaus. Einstaklingur sem mögulega hefur smitast af COVID-19 þarf að vera í sóttkví.

Almenn viðmið notuð til að meta þörf á sóttkví

- Ef samvera (útsetning) er meiri en 15 mínútur í einu og minni en tveggja metra nánd.
- Náin samskipti (faðmlög, kossar).
- Endurtekin samskipti við hinn smitaða, jafnvel þó að samvera hafi verið styttri en 15 mínútur.
 - Löng dvöl í sama rými innandyrá á heimili/vinnustað
 - Tíð samskipti
 - Margir sameiginlegir snertifletir

Kennari

Ef sóttkví – PCR-próf á 7. degi.
Ef smitgát – Hraðpróf á 1. og 4. degi.



Smitaður einstaklingur

Mikil samvera

Sóttkví – PCR-próf á 7. degi.

Minni samvera

Smitgát – Hraðpróf á 1. og 4. degi.

Huga að einkennum

Ef einn greinist fer í gang smitragning og ferlið byrjar aftur.

Ef nemandi greinist með COVID-19

- **Einangrun** er fyrir þann sem er með staðfesta COVID-19 sýkingu (rauður). ●
- **Sóttkví** tekur til þeirra sem sá smitaði hafði mest samskipti við (appelsínugulur). ●
 - Sátu við sama borð.
 - Voru í vinnuhóp.
 - Vinir og léku sér saman.
 - Gæti verið allur bekkurinn eða hluti hans.
 - Mat smitragningarteymis í samvinnu við skólastjórnendur.
 - Fara í sóttkví og sýnatöku eftir 7 daga.
- **Smitgát nær til eftirfarandi** (gulur). ●
 - Voru í samskiptum við þann smitaða sem teljast ekki mikil.
 - Voru í sama hólf.
 - Voru í sömu stofu og engin nánd nema í mjög stuttan tíma.
 - Fara í smitgát og geta haldið áfram að mæta í skólann.
 - Hraðpróf daginn eftir að smit uppgötvast og aftur eftir fjóra daga.
 - Ef einstaklingur greinist jákvæður í hraðprófi fer hann í einangrun og fær strikamerki og boðun í PCR-próf. Smitragning hefst þegar niðurstaða þess prófs liggur fyrir. Upplýsa þarf skólann um niðurstöðu úr hraðprófi og eins úr PCR-prófi svo hægt sé að grípa til ráðstafana.

- **Vera meðvituð** (grænn). ●

- Voru í litlum eða engum samskiptum við þann smitaða.
- Sama hólf en ekki á sama tíma á stöðum líkt og í matsal.
- Engin sóttkví og engin próf.
- Fylgjast með einkennum og ef þeirra verður vart, fara strax í sýnatöku.
- Ef einstaklingur í græna hring greinist þá fer smitragningarferli í gang.

Kennarar og annað starfsfólk

- Falla að öllu jöfnu í viðeigandi hring eftir samskiptum og gildir þá sama um hann og nemendur.
- **Ef kennari/starfsmaður greinist með COVID-19:** Sömu almennu viðmið notuð við smitragningu. Matið á hverjir fara í hvaða hring fer eftir samskiptum hans við þá einstaklinga/hópa.

Ákvörðun um sóttkví er alltaf í höndum smitragningarteymis sóttvarnalæknis og almannavarna. Hér er leitast við að skýra grunnmarkmið teymisins. Aðstæður hverju sinni eru metnar og gildir ákvörðun smitragningarteymisins sem er kæránleg til dómstóla. Kæra frestar ekki framkvæmd.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health